

## **Fundargerð 53. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði og í fjarfundi 17. maí kl 10.00**

Mætt voru til fundar Jóhanna Ösp Einarisdóttir, formaður (fjarfundur), Lilja Magnúsdóttir (fjarfundur), Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristján G Jóakimsson, Magnús Ingi Jónsson, Halldór Halldórsson (fjarfundur) og Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundur). Forföll boðaði Shiran Þórisson og í hans stað sat fundinn Halldór Halldórsson og eins boðuðu forföll Aðalsteinn Egill Traustson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir en ekki tókst að boða varamenn í þeirra stað.

Formaður setti fundinn og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð og dagskrá, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár.

### **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2022
2. Ársskýrsla Vestfjarðastofu 2022
3. Fulltrúi Vestfjarðastofu í Hrafnseyrarnefnd - tilnefning
4. Náms- og kynnisferð Byggðastofnunar og landshlutasamtaka
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Undirbúningur ársfundar Vestfjarðastofu

### **Fundur stjórnar FV**

7. Þinggerð Fjórðungspings Vestfirðinga
8. Sveitarstjórnarskóli Sambands íslenskra sveitarfélaga
9. Svæðisskipulag Vestfjarða
10. Lífeyrisskuldbinding FV
11. Ferð formanns til Sviss vegna fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA
12. Fundargerðir til kynningar
13. Umsagnir:
  - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
  - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
  - c. Afrakstur umsagna.
  - d. Umsagnarbeiðnir
  - e. Umsagnir til skoðunar

## **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

Mætt til fundar Margrét Högnadóttir frá Endurskoðun Vestfjarða.

### **1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2022**

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu rekstrar og efnahagsreiknings Vestfjarðastofu fyrir rekstrarárið 2022. Heildartekjur námu 293,7 mkr og heildargjöld nema 293,6 mkr, rekstrarhagnaður að teknu tillit til fjármagnstekna og gjalda nemur 0,6 mkr. Fastafjármunir nema 0,4 mkr, veltufjármunir 105,5 mkr, eignir alls 105,9 mkr. Eigið fé nemur 10 mkr þar af stofnfé 2,8 mkr, skuldir nema 95,9 mkr og eigið fé og skuldir alls 105,9 mkr. Með reikningum fylgja skýringar og skipting á rekstrardeildir.

Með ársreikningi fylgir skýrsla stjórnar og síðan álit endurskoðanda með hefðbundnum fyrirvörum en er án sérstakra athugasemda.

Til máls tóku; Jóhanna, Margrét Högnadóttir, Elísabet og Lilja.

Formaður bar upp ársreikning upp til samþykktar. *Tillagan samþykkt samhljóða.*

Margrét Högnadóttir vék af fundi.

### **2. Ársskýrsla Vestfjarðastofu 2022**

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu ársskýrslu fyrir árið 2022 og kynnti efni hennar.

Til máls tóku. Jóhanna, Lilja

Formaður bar upp ársskýrslu Vestfjarðastofa upp til samþykktar. *Tillagan samþykkt samhljóða.*

### **3. Fulltrúi Vestfjarðastofu í Hrafnsýrarnefnd – tilnefning**

Formaður kynnti erindi forsætisráðuneytis dags þar sem óskað er tilnefningu fulltrúa frá Vestfjarðastofu í Hrafnsýrarnefnd, tilnefna skal aðal og varafulltrúa konu og karl sem ráðuneytið velur síðan. *Samráð var haft við stjórn með tölvupósti og gerð var tillaga um starfsmenn Vestfjarðastofu þau, Steinunni Ásu Sigurðardóttur, verkefnastjóra og Aðalstein Óskarsson, sviðsstjóra byggðaþróunar.*

Til máls tóku, Elísabet, Jóhanna.

### **4. Náms- og kynnisferð Byggðastofnunar og landshlutasamtaka**

Aðalsteinn Óskarsson kynnti dagskrá náms og kynnisferðar á vegum Byggðastofnunar og landshlutasamtaka sem farin var 8. til 12. maí s.l. til Osló og Þrándheims. Greinargerð um efni og árangur ferðarinnar er í vinnslu og verður kynnt síðar.

## 5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um framgang verkefna.

Undir liðnum lagði framkvæmdastjóri tillögu um sumarlokun skrifstofu Vestfjarðastofu frá 17. júlí til og með 8. ágúst n.k.. Til máls tóku; Jóhanna, Lilja, Nanný og Kristján.

*Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.*

Kristján G Jóakimsson tók til máls og tilkynnti að hann myndi nú víkja af fundi, en þar sem þetta væri hans síðasti stjórnarfundur, en nýir stjórnarmenn tækju sæti eftir ársfund, þá vildi hann þakka formanni, stjórn og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf. Formaður þakkaði Kristján fyrir hans starf í stjórn Vestfjarðastofu og gott samstarf og áhuga fyrir málefnum Vestfjarða. Minnti formaður á að Kristján hefði á sama hátt tekið þátt í starfi stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um árabíl og fyrir það bæri einnig að þakka á þessum tímamótum. Aðrir viðstaddir á stjórnarfundum tóku undir orð formanns.

## 6. Undirbúningur ársfundar Vestfjarðastofu

Ársfundur Vestfjarðastofu hefur í samráði við stjórn í tölvupósti, miðvikudaginn 24. maí n.k., fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu af stofnfundi Sóknarhóps Vestfjarðastofu sem haldinn var 16. maí s.l. m.a. kjör fimm manna í stjórn og fimm í varastjórn Sóknarhóps sem jafnframt eru aðal og varafulltrúar í fulltrúaráði Vestfjarðastofu.

Sóknarhópur sendir síðan tillögu til ársfundar Vestfjarðastofu um fjóra aðal og fjóra varafulltrúa atvinnulífs- og menningar í stjórn Vestfjarðastofu.

Ársskýrsla og ársreikningur 2022 verður lögð fram til staðfestingar og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023 verður lögð fram til kynningar.

Til máls tóku, Jóhanna, Elísabet, Lilja og Nanný

Halldór Halldórsson vék af fundi.

## Fundur stjórnar FV

### 7. Þinggerð Fjórðungspings Vestfirðinga

Lögð fram til kynningar þinggerð 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, sem haldið var þann 12. apríl s.l..

### 8. Sveitarstjórnarskóli Sambands íslenskra sveitarfélaga

Kynnt beiðni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skipulag sveitarstjórnarskóla Sambandsins, val á degi og fyrirkomulag. Rædd tillaga um að sveitarstjórnarskóli verði haldinn samhliða 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti. Samþykkt að gera tillögu um að sveitarstjórnarskóli verði haldinn fimmtudag 5. október n.k. og þingið haldið eins og samþykkt hefur verið þann 6. og 7. október.

*Tillagan borinn upp og samþykkt.*

## 9. Svæðisskipulag Vestfjarða

Sviðstjóri byggðapróunar lagði fram minnisblað um stöðu og fjármögnun upphafsvinnu að gerð svæðisskipulags. Tillaga er gerð að því að stjórn Fjórðungssambands að stofnuð verði svæðisskipulagsnefnd Svæðisskipulags Vestfjarða og óski eftir skipan fulltrúa sveitarfélaga á Vestfjörðum í svæðisskipulagsnefnd fyrir Vestfirði.

*Tillagan borin upp og samþykkt*

## 10. Lífeyrisskuldbinding FV

Lagt fram minnisblað um uppgreiðslu lífeyrisskuldbindingar FV við LSR B deild, samþykkt að vísa efni minnisblaðs til umfjöllunar fjárhagsnefndar FV.

## 11. Ferð formanns til Sviss vegna fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA

Formaður kynnti umfjöllun fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem haldin var í Zurich í Sviss þann 11. og 12. maí s.l.. Til umfjöllunar voru stafræn verkefni og innviðir þeim tengdum, fundargerð verður lögð fram síðar.

### 12. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 94. fundar stjórnar SSNV 2. maí 2023  
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-92-fundar-stjornar-ssnv-15-mars-2023>
- b. Fundargerð – 52. fundar stjórnar SSNE 3. maí 2023 -  
í gögnum á Teams
- c. Fundargerð 788. stjórnarfundar SSS 12. apríl 2023  
<https://fundargerdir.gogn.in/efni/4739>
- d. Ársskýrsla SSV 2022
- e. <https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/04/Arsskyrsla-SSV-2022.pdf>
- f. 595. stjórnarfundur SASS. 5. maí 2023  
<https://www.sass.is/595-fundur-stjornar-sass/>

### 13. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
  - i. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi þingsályktun um fjármálaáætlun 2024-2028, 894. mál.
  - ii. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga uppbygging og rekstur flugvalla (varaflugvallargjald) 941. mál.
  - iii. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi þingsályktun um eflingu þekkingarsamfélags 982. mál.

Lagt fram til kynningar.

- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
  - i. Innviðaráðuneyti. Umsögn í Samráðsgátt nr 66/2023 – Hvítbók um samgöngumál.

Lagt fram til kynningar

c. Afrakstur umsagna.

Formaður kynnti fund með fjárlaganefnd 15. maí s.l. þar sem lögð var fram umsögn FV. Kynnt nefndarálit varðandi þingsályktun um barnamenningu, þar sem vísað er til umsagnar FV.

d. Umsagnarbeiðnir

- i. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. maí nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1524.pdf>  
*Samþykkt að skila ekki inn umsögn.*
- ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. maí nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1637.pdf>  
*Samþykkt að skila ekki umsögn*
- iii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 1052. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 19. mars nk. á Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1698.pdf>  
*Samþykkt að skila ekki umsögn*
- iv. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagi á Íslandi til ársins 2025, 982. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. maí nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1530.pdf>  
*Umsögn skilað*
- v. Umhverfis- og samgöngunefnd sendir til umsagnar frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð, 941. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. maí nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1471.pdf>  
*Umsögn skilað*

e. Umsagnir til skoðunar

Samráðsgátt. [Samráðsgátt | Öll mál \(island.is\)](#)

1. Nr S-82/2023 lagt fram 17.04.2023 frestur til 29.05.2023  
Forsætisráðuneytið birtir drög að grænbók um sjálfbært Ísland sem eiga að leggja grunn að stefnu um sjálfbæra þróun á Íslandi til næstu  
*Skoða með gerð umsagnar.*

2. Nr.S-92/2023 lagt fram 04.05.2023 frestur til 26.05.2023  
Fjármála- og efnahagsráðherra áformar að gera breytingar á reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ).  
*Skoða með gerð umsagnar.*
3. Nr S-82/2023 lagt fram 18.04.2023 frestur til 18.05.2023  
Umhverfis,- orku,- og loftslagsráðuneytið kynnir stöðuskýrslu um hagnýtingu vindorku.  
*Samþykkt að skila ekki umsögn.*

Formaður tók til umræðu framkvæmd á gerð umsagna, óskaði eftir umræðu síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.15.